

Stjórnarfundur nr. 1

9. júlí 2014 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Jóna Th. Viðarsdóttir, Guðmundur A Guðmundsson, Herdís Hallmarsdóttir, Arinbjörn Friðriksson, Brynja Tomer og Ragnhildur Gísladóttir.
Sóley Halla Möller boðaði forföll.

1. Stjórn HRFÍ.

Aðalfundur HRFÍ var haldinn 15. maí sl. kl.20:00 í veislusal reiðhallarinnar í Víðidal. HRFÍ. Úr stjórn gengu Delia Howser (2012) og Ólafur M. Jóhannsson (2012). Guðmundur A. Guðmundsson (2012) úr varastjórn. Í framboði til stjórnar voru Guðmundur A. Guðmundsson og Sóley Möller og Ragnhildur Gísladóttir í varastjórn. Var því sjálfkjörið í stjórnarkjöri.

Stjórn er því þannig skipuð:

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður, Arinbjörn Friðriksson, Guðmundur A. Guðmundsson, Herdís Hallmarsdóttir og Sóley Möller. Brynja Tomer og Ragnhildur Gísladóttir í varastjórn.

Stjórn skiptir þannig með sér verkum:

- Varaformaður: Herdís Hallmarsdóttir
- Gjaldkeri: Arinbjörn Friðriksson

Framkvæmdastjóri HRFÍ er Fríður Esther Pétursdóttir. Meðal starfssviða hennar eru að rita fundargerðir stjórnar og annast daglegan rekstur HRFÍ þar með talið rekstur skrifstofu og starfsmannahald. Bókhaldið er fært á skrifstofu HRFÍ. Framkvæmdastjóri sér um greiðslu reikninga og heldur utan um öll fylgiskjöl og Klara Á. Símonardóttir færir bókhald. Hlutverk gjaldkera er m.a. að kalla fram upplýsingar í bókhaldinu og er tengiliður stjórnar við framkvæmdastjóra varðandi fjármál félagsins. Gjaldkeri svarar framkomnum fyrirspurnum stjórnarmanna varðandi fjárreiður félagsins.

2. Aðalfundur HRFÍ 15. maí sl.

Fundarstjóri var Jóhann K. Guðmundsson hdl. Fundarritari var Guðrún Margrét Baldursdóttir, lögfræðingur. Mættir voru 62 félagsmenn á fundinn.

Kosning siðanefndar:

Fulltrúar í siðanefnd gáfu allir kost á sér í endurkjöri, nema Hilmar Sigurgíslason gaf kost á sér í varmanaður og Anna M. Flygenring sem aðalmaður.

Siðanefnd HRFÍ er því þannig skipuð:

Aðalmenn:

Anna M. Flygenring, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir og Kristín Sveinbjarnardóttir

Varamenn:

Guðrún Sigríður Sigurðardóttir og Hilmar Sigurgíslason.

Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara:

Félagskjönnir skoðunarmenn gáfu allir kost á sér í endurskjöri:

Aðalmenn: Þorsteinn Þorbergsson og Pétur Alan Guðmundsson

Varamenn: Gunnar B. Gunnarsson og Margrét Dögg Halldórsdóttir.

Erindi undir liðnum önnur mál:

1. Þorsteinn Þorsteinsson, félagskjörinn skoðunarmaður steig í pontu.

Bókun fundarritara aðalfundar:

„Fundarstjóri lýsti tveimur tillögum sem fólust í máli Þorsteins,

1) ársfjórðungslegt uppgjör (samþykkt af fundinum)

2) Sameining HRFÍ við Ra (ekki samþykkt af fundinum)“

2. Tillaga lögð fram á aðalfundi af stjórn Hundaræktarfélags Íslands:

„Stjórn HRFÍ mun leitast við að skoða möguleika á að leigja hentugt húsnæði undir starfsemi félagsins háð því skilyrði að það náist að leigja út fasteign félagsins að Síðumúla 15. Vegna áhættu og óvissu sem skapast getur af útleigu húsnæðis verður ávinningur að mati stjórnar að vera augljós. Ef tækifæri skapast og samningar nást þá skal gildi samninga háð samþykki félgsfundar þar sem slíkir samningar fela í sér meiri háttar fjárskuldbindingu í skilningi 13. gr. laga HRFÍ.“

Niðurstaða - bókun fundarritara aðalfundar:

„Fundurinn lét í ljós jákvæðan vilja til þess að stjórn haldi áfram þessari vinnu með miklum meirihluta greiddra atkvæða en atkvæðagreiðsla fór fram með handauppréttingu. Bað fundarstjóri um að þessi niðurstaða yrði færð til bókar.“

3. Tillaga lögð fram á aðalfundi af stjórn Hundaræktarfélags Íslands:

„Stjórn HRFÍ leggur til að Sámur, félagsblað HRFÍ, komi út tvisvar á ári sem vefblað og í lok árs verður gefið út veglegt ársrit í hefðbundinni tímaritastærð“

Niðurstaða - bókun fundarritara aðalfundar:

„Tillaga Björns Ólafssonar: Sámur komi út tvisvar á ári, 17. júní og 1. desember - Meirihluti fundarmanna greiddi þessari breytingartillögu atkvæði sitt.“

3. Skipun í fastanefndir starfsárið 2014-2015

Stjórn HRFÍ skal skipa í fastanefndir á fyrsta fundi eftir aðalfund og setja þeim starfsreglur.

Þann 3. júní sl. sendi formaður neðangreindan tölvupóst á alla nefndarmenn síðasta starfsárs:

„Aðalfundur HRFÍ var haldinn 15. maí sl. Samkvæmt lögum félagsins skal skipa í fastanefndir á fyrsta fundi stjórnar HRFÍ eftir aðalfund.“

Um leið og við þökkum fyrir nefndarstörf síðasta starfsárs viljum við kanna hvort áhugi er á áframhaldandi nefndarsetu næsta starfsár. Þar sem stjórnarfundur er í næstu viku þurfum við nauðsynlega svar ykkar fyrir 10. júní nk.“

Skólanefnd

Samkvæmt 24. gr. VIII kafla laga HRFÍ skal starfrækja hundaskóla innan HRFÍ.

Hundaskólinn skal sjá um fræðslu er varðar meðferð, uppeldi og þjálfun hunda undir stjórn viðurkenndra leiðbeinenda.

Samkvæmt 25 gr. VIII kafla laganna skal skólanefnd skipuð þremur fulltrúum, tveimur tilnefndum af stjórn HRFÍ og einum af starfsmönnum skólans.

Fríður Esther Pétursdóttir fridur@hrfi.is

Sigríður Bílddal, sbilddal@isl.is

Valgerður Júlíusdóttir, vala@hundaskolinn.is

Allar hafa lýst yfir áhuga og samþykkt að vera áfram í skólanefnd.

Ritnefnd

Samkvæmt 3 gr. lið d í I kafla laga HRFÍ skal félagið gefa út félagsblað.

Ritstjóri Sáms ber ábyrgð á efni blaðsins ásamt formanni og framkvæmdastjóra HRFÍ.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, ritstjóri auja83@gmail.com
Anja Björg Kristinsdóttir, anja@tzus.net
Guðrún Margrét Baldursdóttir, gbaldursdottir@hotmail.com
Inga Björk Gunnarsdóttir, sperdill@emax.is
Guðrún Helga Harðardóttir,
Heiðrún Finnsdóttir,

Sýningarnefnd

Í sýningarreglum HRFÍ 1 gr. í kaflanum skipulag og stjórn er hlutverki sýningarnefndar lýst.

Sýningarstjórn:

Fríður Esther Pétursdóttir, fridur@hrfi.is
Þorsteinn Thorsteinsson, sunnusteinn@simnet.is
Sóley Halla Möller, soleymoller@simnet.is
Lilja Dóra Halldórsdóttir, liljahalldorsdottir@gmail.com
Valgerður Júlíusdóttir, vala@hundaskolinn.is

Framkvæmdanefnd sýningastjórnar: - 9 manns

Árnmarr Guðmundsson arnmarg@hotmail.com
Guðbjörg Kristinsdóttir, solheimar17@internet.is
Ingólfur Ragnar Ingólfsson solheimar17@internet.is
Margrét G. Andrésdóttir, maggamas@gmail.com
Margrét Bergsveinsdóttir margret@kynning.is
Vordís Sigurþórsdóttir, vordis1@internet.is
Olga Björk Friðriksdóttir, olga@tritla.is
Þórunn Helgadóttir - bsr45@simnet.is
Brynjólfur K. Friðjónsson,
Sólrún Helgadóttir,

Vísindanefnd:

- *Samkvæmt 21. gr. í VII kafla laga HRFÍ um ræktunardeildir* skal stjórn setja reglur um stofnun og skipulag ræktunardeilda í samráði við vísindaráð HRFÍ. Hafa skal að leiðarljósi að stofnstærð og gæði hunda af viðkomandi kynjum séu með þeim hætti að eðlileg og heilbrigð ræktun geti átt sér stað og að til staðar sé haldgóð þekking á viðkomandi hundakynjum, meðfæddum og/eða arfgengum sjúkdómum, ræktun og undaneldi sem og störfum ræktunardeilda. Telji stjórn og vísindaráð HRFÍ grundvöll vera fyrir ræktunardeild skv. ofangreind, skal tillaga þess efnis lögð fyrir félagsfund HRFÍ til samþykktar. Tillögu skal fylgja greindargerð stjórnar og vísindaráðs.
- *Samkvæmt 7 gr. 1V kafla, Starfssvið ræktunarstjórna úr starfsreglum ræktunarstjórna* er ræktunarstjórn að skylt á takast á hendur nánar tilgreind sérverkefni sem stjórn HRFÍ eða vísindanefnd felur því í þágu ræktunar.
- Stjórn hefur leitað álits vísindanefndar varðandi ýmis heilbrigðismál.
- Vísindanefnd, Helga Finnsdóttir, hefur verið félaginu innan handar við útvegum dýralækna í augnskoðanir fyrir félagið.
- Þegar Helga Finnsdóttir hefur sótt vísindaráðsfundi NKU hefur hún gert þeim skil á fulltrúaráðsfundum.

Helga Finnsdóttir, dýralæknir, helgaf@tv.is
Ólóf Loftsdóttir, Dýraspítalinn í Víðidal olalofts@gmail.com
Hanna María Arnórsdóttir, Dýraspítalanum í Garðabæ hanna@dýralaeknastofan.is
Snævar Sigurðsson, snaevar.sigurdsson@gmail.com
Lísa Björnsdóttir

Guðmundur A. Guðmundsson, mummi@ni.is

Ræktunar- og staðlanefnd (áður Ættbókarnefnd)

Helstu verkefni:

- Þýðing á FCI ræktunarstöðlum í samvinnu við ræktunardeildir.
- Uppfæra breytingar á ræktunarstöðlum.
- Reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ
- Grundvallarreglur HRFÍ - 2. gr. Ræktun
- Ræktunardeildum HRFÍ til leiðsagnar varðandi sérreglur fyrir hundakyn við skráningu í ættbók HRFÍ.

Helga Andrésdóttir, sindra@simnet.is

Klara Á. Símonardóttir klara@hrfi.is

Helga Finnsdóttir helgaf@tv.is

Brynja Tomer, brynjatomer@gmail.com

Sóley Ragna Ragnarsdóttir, soley96@gmail.com

Laganefnd:

Guðrún Margrét Baldursdóttir, gbaldursdottir@hotmail.com

Ólafur E. Jóhannsson, olafur.johannsson@simnet

Þorbjörg Ásta Leifsdóttir, Thorbjorgleifs@gmail.com

Veiðiprófanefnd HRFÍ fyrir tegundahóp 7

Daníel Kristinsson frá Fuglahundadeild,

Egill Bergmann frá Írsk setterdeild, maggak@vortex.is

Jón Garðar Þórarinsson frá Vorstehdeild gautavik3@simnet.is ekki borist svar

Sýningadómaranefnd:

Starfar á grundvelli reglugerðar HRFÍ um menntun sýningadómara og hefur til hliðsjónar starfsreglur DKK's Show Judge Committee, sem er HRFÍ innan handar við menntun íslenskra sýningadómara. Í framtíðinni verður þessi nefnd skipuð reyndum íslenskum dómurum.

Jóna Th.Viðarsdóttir proplanet@simnet.is

Fríður Esther Pétursdóttir fridur@hrfi.is

Ásta María Guðbergisdóttir, papillon_asta@yahoo.com

Guðrún R. Guðjohnsen, guðrun.rg@simnet.is

Herdís Hallmarsdóttir, herdis@embla.is

Veiðiprófsdómaranefnd fyrir tegundahóp 7:

Skipað verður í þessa nefnd þegar stjórn HRFÍ hefur útbúið reglugerð fyrir veiðiprófsdómara og starfsreglur fyrir veiðiprófsdómaranefnd sbr. stjórnarsamþykkt 20. maí 2013.

Fulltrúi HRFÍ í DÍF sbr. 3. kafla 7 gr. úr starfsreglum ræktunardeilda:

Stjórn tilnefndir fulltrúa sinn til 2ja ára í senn.

Þorsteinn Thorsteinsson sunnusteinn@simnet.is, var tilnefndur fulltrúi HRFÍ til 2ja ára á fyrsta fundi nýrrar stjórnar 10. júní 2013.

4. Skýrsla frá framkvæmdastjóra HRFÍ

166 hundar voru skoðaðir í augnskoðun sem haldin var 21-23.febrúar í Reykjavík og á Akureyri, 3 nýjir hundar (tveir Cavalier King Charles spaniel og einn Dvergsschnauzer) voru greindir með augnsjúkdóma sem í þeirra tegund þýðir ræktunarbann og jafnframt fengu tveir staðfestan úrskurð um ræktunarbann (Australian shepherd og Shih Tzu). Framkvæmdastjóri og Klara sátum fund með formanni schnauzerdeilda vegna alvarleika þess að PRA hafi fundist í dvergsschnauzer þar sem sá hundur og/eða foreldrar hans eru mjög skyldir öðrum svart/silfur dvergshnauzer hundum á Íslandi þar sem genapotturinn er mjög þröngur í þeim lit

og mjög fáir hundar hafa verið skoðaðir. Formaður schnauzerdeildar talaði um að leggja fyrir stjórn að þau færu í átak í að fá sem flesta sv/s hunda í augnskoðun í ágúst og jafnvel niðurgreiða það að einhverjum hluta.

Reykjavík Winner og sumarsýning sýning félagsins var 21.-22. Júní sl í Viðidal. Seint á föstudagskvöld kom í ljós að einn dómari hafði ekki skilað sér til landsins og þegar farið var að grennlast fyrir um hann gaf hann þau svör að hann hefði talið að sýningin væri ekki fyrir en í júlí. Starfsmenn skrifstofu voru hringdir út ásamt hluta af sýningastjórnar og var unnið alla nóttina að því að breyta dagskrá og finna dómara til að hlaupa í skarðið. Sóley Ragna Ragnarsdóttir samþykkti með nánast engum fyrirvara að dæma á laugardeginum og Henrik Johansson samþykkti að koma og dæma á sunnudeginum og vil ég þakka þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóg til að leysa úr þessu. Að öðru leiti gekk sýningin að mestu leiti vel, veðrið var ekkert sérstakt en andrúmsloftið virkilega gott og fólk var almennt mjög ánægt með sýninguna og fjöldi manns sáu þörf á að þakka fyrir sig og óska eftir að fleiri sýningar verði framvegis úti. Ég fór í tvö útvarpsviðtöl þessa helgina, við Bylgjuna og Rás 2 og eins birti Morgunblaðið frétt á mánudeginum með myndum af sýningunni. Það má læra margt af þessari helgi og margt mátti sjálfsagt bæta en við lærum af þessum og sýningastjórn hefur rætt um að endurtaka leikinn að ári, þó seinna á árinu og horfum við á möguleikann á að breyta sumarsýningunni okkar sem dagsett er núna í lok maí í minni allra tegunda sýningu úti á landi td fyrir norðan með þá færri dómurum og sjálfsagt eitthvað færri hundum og koma þannig á móts við landsbyggðina og vera með tvöfalda sýningu síðustu helgina í júlí, Reykjavík Winner á laugardegi og Alþjóðlega sýningu á sunnudegi. Sýningastjórn mun taka endalega ákvörðun um þetta á fyrsta fundi nýrra stjórnar og í framhaldinu leggja það fyrir stjórn.

23 tóku þátt í keppni ungra sýnenda fimmtudagskvöldi fyrir sýninguna, unglíngadeild flutti inn Pernillu Lindström frá Svíþjóð til að dæma fyrir sig og stóðu sýninganámskeið sem hún hélt fyrir sýninguna undir öllum kostnaði. Keppnin gekk vel þrátt fyrir mikla rigningu og var almenn ánægja með dómara og nýjar rósettur sem unglíngadeild ákvað að kaupa fyrir fyrstu fjögur sætin í báðum flokkum.

Hvolpasýning verður haldin 26.júlí nk. Alls eru 88 hvolpar á aldrinum 3.-9. mánaða skráðir. Dómarar verða dómaraemarnir okkar Lilja Dóra Halldórsdóttir, Daniel Hinriksson og Kristín Þorvaldsdóttir. Nánar á eftir að útfæra þá sýningu.

Skrifstofa er lokuð núna og verður lokuð til og með 18.júlí eða í tvær vikur.

Undirbúningur er komin á fullt fyrir alþjóðlegu sýninguna 6-7. September, en ennþá á eftir að leysa úr húsnæðismálum.

Framkvæmdastjóra hefur verið boðið á kynningarfund á Heimsýningunni í Helsinki á online skráningakerfi finnska klúbbsins á laugardeginum og hefur framkvæmdastjóri þegið það boð.

5. Erindi frá Pétri A. Guðmundssyni – tölvupóstur 16. Maí

Málinu frestað, málið skoðað með endurskoðanda félagsins.

6. Húsfélagið Síðumúla 15. – Viðgerðarframkvæmdir utanhúss

Formaður og framkvæmdastjóri HRFÍ mættu f.h. Ra ehf. á aðalfund húsfélagsins Síðumúla

15. Fundurinn var haldinn í húsnæði Eikar fasteignafélags hf. að Sóltúni 26, Reykjavík. Sjá fundargerð fskj.A-2651

Formaður og framkvæmdastjóri mættur aftur á fund f.h. Ra ehf. á fund húsfélagsins Síðumúla 15 á sama stað og áður.

Fundarefni var tilboð í utanhússviðgerð á norðurhlið hússins. Tilboð er frá sama aðila og lagfærði aðrar hliðar hússins 2005 eða 2006.

Hlutur Ra ehf. í kostnaði skv. þessu tilboði er u.þ.b. 585.000.- án vsk.
Formaður HRFÍ benti á hvort ekki væri rétt að lagfæra glugga áður en múrviðgerðir færu fram á norðurhliðinni. Voru menn sammála því. Tilboð hefur borist í gluggasmíð og skipti.

Hlutur Ra ehf í kostnaði við gluggaskiptingu á norðurhlið er u.þ.b. kr.836.000.- án vsk.
Hlutur Ra ehf. í kostnaði við gluggaskiptinu á öllu húsinu er u.þ.b.kr.1.760.000 án vsk.

Fulltrúa eiganda vinstri hluta Síðumúla 15 telur ekki þörf á gluggaskiptum í þeirra hluta.
Þörf er á málun á þaki en er ekki eins áriðandi og ofangreindir þættir. Áætlaður kostnaður Ra ehf er áætlaður kr.150.000.-

7. 45 ára afmæli HRFÍ – laugavegsganga – skipa afmælisnefnd

8. NKU fundur í Danmörku 25. september.

Framkvæmdastjóri mun finna út hver kostnaður við flugið er og senda stjórn á tölvupósti til samþykktar áður en flug er bókað.

9. Önnur mál

• Dagsetningar stjórnarfunda starfsárið 2014-2015 með fyrirvara um breytingar:

- o 31. júlí 2014
- o 20. ágúst 2014
- o 17. september 2014
- o 15. október 2014
- o 19. nóvember 2014
- o 10. desember 2014
- o 21. janúar 2015
- o 18. febrúar 2015
- o 18. mars 2015
- o 15. apríl 2015
- o 6.mái 2015

Fulltrúaráðsfundir: 17. september, 10. desember og 15. apríl.
Aðalfundur 12. maí

Henning Aðalmundsson sendi inn beiðni til stjórnar um að fá að taka próf til dómara fyrir standandi fuglahunda (th-7) fyrr en reglur kveða á um þar sem honum bauðst að taka prófið í Noregi um miðjan ágúst. Fylgj.sk A-2652

Samþykkt

Fundi slitið kl.19:30.